

Athugasemdir við 34. mál – Þskj. 34a Kirkjuþingi 2024–2025

Undirritaðir telja nauðsynlegt að fara betur í hin guðfræðilegu rök fyrir því að rýmka ákvæði starfsreglna um kosningarrétt við kjör til kirkjuþings og kosningu biskups sem sett eru fram í skýrslu um kosti þess og galla að rýmka ákvæði starfsreglna um kosningarrétt við kjör til kirkjuþings og kosningu biskups. Ástæðan er sú grundvallarstaðreynd að þjóðkirkjan er trúfélag og er sem slíkt, líkt og allar kristnar kirkjur, fyrst og síðast samfélag fólks sem skírt er í nafni föður, sonar og heilags anda til trúar á Jesú Krist, krossfestan og upprisinn, mannum til hjálpræðis. Tilvistargrundvöllur kirkjunnar byggist á holdtekningu Krists, krossfestingu hans og upprisun og svo skírnarskipuninni — og engu öðru. Af þeim sökum gera undirritaðir alvarlegar athugasemdir við þá hugmynd sem kemur fram í lögfræðilegri greinargerð Davíðs Þórs Björgvinssonar að það standist ekki jafnræðisreglu að skírmin sé ófrávíkjanleg forsenda fyrir kosningarétti í kirkjuþings- og biskupskjöri eða fyrir kjörgengi fyrir kirkjuþingskosningar. Tillögur sem fælu í sér að skírmin teldist ekki lengur ófrávíkjanleg forsenda fyrir kosningarétti eða kjörgengi snertu í raun kenningarlegan grunn kirkjunnar og sjálfskilning hennar sem trúarsamfélags og -stofnunar og ættu því ekki erindi á kirkjuþing nema að undangenginni umfjöllun í kenningarnefnd þjóðkirkjunnar og á prestastefnu, sbr. 7. gr. Laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021: „Kirkjuþing markar stefnu þjóðkirkjunnar í sameiginlegum málefnum hennar, öðrum en þeim sem lúta að kenningu hennar.“

Í ljósi ofangreinds er engum vafa undirorpið að séu til þess sterk guðfræðileg rök að rýmka starfsreglur er varða kosningarétt og kjörgengi til ábyrgðarstarfa í kirkjunni, þá hljóti þau rök að vega þungt í ákvörðunartöku í málinu. Undirritaðir telja hins vegar, að vel athuguðu máli, að þau guðfræðilegu rök sem sett eru fram í þingskjali 34a undir lið I. 4., *Guðfræðileg rök lýðræðis í kirkjunni* (bls. 12–13), eigi ekki við um stjórnskipun kirkjunnar, mæli hvorki með né á móti tilteknu stjórnskipulagi og hafi því ekki gildi í umræðunni um rýmkun kosningaréttar og kjörgengis. Rök fyrir þessu áliti undirritaðra eru sett fram hér að neðan.

Í greinargerðinni, á bls. 12, kemur eftirfarandi fram:

„Í 20. kafla Matteusarguðspjalls segir Jesús við lærisveina sína: Þið vitið að þeir sem ráða fyrir þjóðum drottna yfir þeim og höfðingjar láta menn kenna á valdi sínu. En eigi sé svo meðal ykkar heldur sé sá sem mikill vill verða meðal ykkar þjónn ykkar. Og sá sem vill fremstur vera meðal ykkar sé þræll ykkar. Jesús boðaði lærisveinum sínum ákveðið jafningjalyðræði, þeir ættu ekki að drottna yfir öðrum heldur þjóna hver öðrum. Jesús sýndi þetta sjálfur í verki þegar hann þvoði fætur lærisveina sinna.“

Hér er því haldið fram, á grundvelli tilvitnaðs texta úr Matt 20.25–27, að Jesús hafi boðað „lærisveinum sínum ákveðið jafningjalyðræði“. Þetta er að mati undirritaðra mistúlkun á þessum texta. Eins og í tilfelli fótaþvottarins, sem vísað er til, er orðum Jesú ætlað að sýna hvernig þjónusta leiðtoga í kristnum söfnuði skuli birtast, þ.e.a.s. sem andstæða þess að „drottna yfir“ og „láta kenna á valdi sínu“. Á ritunartíma Matteusarguðspjalls, tæplega fyrir árið 80, voru sérstök hlutverk löngu komin til skjalanna í kristnum söfnuðum. Ljóst er að Pétur og hinir lærisveinarnir höfðu sérstaka stöðu í kirkjunni, sbr. Matt 16.18-19: „Þú ert Pétur, kletturinn, og á þessum kletti mun ég byggja kirkju mína“. Fyrirmynd textans í Matt 20 er fenginn úr Markúsarguðspjalli en þar njóta Pétur, Jakob og Jóhannes engu að síður sérstöðu í

því að vera nánustu lærisveinar Jesú; þeir eru m.ö.o. „fremstir meðal jafningja“ (sbr. Mark 5.37; 9.2-13; 13.3-8 þar sem Andrés er einnig í þessum útvalda hópi; sbr. einnig Matt 17.1). Hinn tilvitnaði texti í Matt 20 og sambærilegir textar í Markúsi felur því tæplega í sér að söfnuður skuli ekki hafa leiðtoga heldur að leiðtoginn skuli aðeins líta á sjálfan sig sem *fremstan meðal jafningja* og sinna sínum skyldum, fremstan af því að hann sé kallaður til sérstakrar þjónustu af Kristi. Þetta á við um alla, líka leikmenn sem veljast til ábyrgðarstarfa í söfnuðum.

Orð Jesú um að „sá sem vill fremstur vera meðal ykkar sé þræll ykkar“ fela ekki í sér að í söfnuði eða í kirkjunni sem heild skuli ekki vera neinn leiðtogi heldur beinir Jesú orðum sínum til þeirra sem gagngert sækjast eftir valdaembættum í þeim tilgangi að ríkja yfir öðrum. Í samhengi textans, í Matt 20.20 og áfram, eru það þeir Sebedeussynir, Jakob og Jóhannes, og þó öllu nær móðir þeirra, sem eru sett fram sem dæmi um slíkt fólk, en móðir þeirra Sebedeussona kom með sonum sínum til Jesú og bað hann eftirfarandi bónar: „Lát þú þessa tvo syni mína sitja þér við hlið í ríki þínu, annan til hægri handa þér og hinn til vinstri.“ Þessi bón sýnir að í lærisveinahópnum voru menn að metast um hver væri merkilegastur enda gramdist þeim hinum tíu við bræðurna. Jesús talar um sjálfan sig sem konung en þeir bræður misskilja hann og skilja ríki hans sem jarðneskan veruleika sem þeir eigi að hafa hlutverk í. Jesús hins vegar afbyggir þessar væntingar og varar við því að líkja ríki heimsins við ríki Guðs (sbr. tveggjaríkjakenningu lútherskrar guðfræði) enda leiðréttir hann misskilning bræðranna á eðli hins postullega embættis; það feli fyrst og fremst í sér þjónustu og skyldur en þeir einblína á upphefðina. Það að einblína á upphefðina og sækjast eftir metorðum og völdum er vandamál sem leysist ekki með breytingu á stjórnarfari. Jesús undirstrikar hlutverkið sem bræðurnir þurfa að sinna og þá sýnir hann fram á mismuninn á eðli ríkis þessa heims og ríkis Guðs: „Þið vitið ekki hvers þið biðjið. Getið þið drukkið þann kaleik sem ég á að drekka?“ Í stuttu máli sagt snýst hinn tilvitnaði texti í Matt 20 um að brýna þá sem sinna trúnaðarstörfum að sinna skyldum sínum en ekki að upphefja sig vegna stöðu sinnar. Hann segir hins vegar ekkert um æskilega stjórnskipun eða tilhögun á vali í embætti eða trúnaðarstöður, hvorki í frumkirkjunni né síðar.

Í greinargerðinni, á bls. 12, segir jafnframt:

„Páll postuli var einnig ötull talsmaður jafningjalyðræðis í kirkjunni. Í fyrria Kórintubréfi líkir Páll postuli kirkjunni við líkama þar sem höfuðið er Kristur. Páli var mikið í mun að allir limir líkamans ynnu saman og mynduðu eina heild. Innan frumkirkjunnar virðist hafa verið litið svo á að söfnuðurinn ætti vera eins og ein stór fjölskylda, þar sem allir væru bræður og systur. Í Galatabréfinu skrifar Páll (Gal 3.26-28): Þér eruð öll Guðs börn fyrir trúna á Krist Jesú. Öll þér, sem eruð skírð til samfélags við Krist, þér hafið íklæðst Kristi. Hér er enginn Gyðingur né grískur, þræll né frjáls maður, karl né kona. Þér eruð öll eitt í Kristi Jesú. Þessi tilvitnuðu orð, sem eru hugsanlega hluti af fornri skírnarjátningu, endurspeglar sjálfsskilning kirkjunnar á því að hún sé samfélag jafningja.“

Eins og í tilfelli Matt 20.25–27 telja undirritaðir að tilvitnuð orð Páls eigi ekki við í umræðunni um tilhögun kosningaréttar og kjörgengis í þjóðkirkjunni. Páll talar á mörgum stöðum um leiðtoga og forsvarsmenn safnaða, t.d. í 1Þess 5.12 og 1Kor 16.16. Í Fil 1.1 heilsar hann t.d. „biskupum og djáknum“. Þessi hugtök höfðu í notkun Páls sannarlega ekki nákvæmlega sömu merkingu og við leggjum í þau en engu að síður er um ákveðið hlutverk í söfnuði að ræða. Við vitum að þá sem á þessari fyrstu tíð voru kallaðir biskupar myndum við í dag kalla presta og

oft eru orðin *episkopos* og *presbyteros* („öldungur“) notuð jöfnum höndum.¹ En hitt er mikilvægara, að Páll talar skýrum orðum um að sumir fari með leiðtogavald í söfnuðunum og lítur þá augljóslega ekki svo á að það sé í þversögn við orð Galatabréfsins 3.26–28 sem vitnað er í í skýrslunni. Enda er ljóst, þegar samhengi textans er tekið með í reikninginn, að það jafnræði sem hann sannarlega talar fyrir snýst í fyrsta lagi um stöðu einstaklingsins gagnvart Kristi og í öðru lagi um þá mannvirðingu sem hverjum safnaðarmeðlimi beri óháð kyni, stétt eða stöðu og má með sanni segja að það kallist á við 65. gr. stjórnarskrárinnar. Þessi afstaða Páls kallast einnig fullkomlega á við boðskap Krists í Matteusi 20 en breytir því ekki að safnaðarmeðlimir voru vitanlega af tiltekinni stétt eða stöðu, einnig innan safnaðarins eins og orð Páls í Fyrri Þessaloníkubréfi 5.12–13 sýna svart á hvítu: „Vér biðjum yður, bræður, að sýna þeim viðurkenningu, sem erfiða á meðal yðar og veita yður forstöðu í Drottni og áminna yður.“¹³ Auðsýnið þeim sérstaka virðingu og kærleika fyrir verk þeirra. Lifið í friði yðar á milli.“ Líkt og í tilfelli textans úr Matt 20 er Páll því að tala um það í Gal 3.26–28 að menn misnoti ekki félagslega stöðu sína en ekki að staða manna innan safnaðarins sé ekki af ólíkum toga. Textinn segir hins vegar ekkert um æskilega stjórnskipun eða tilhögun á vali í embætti eða trúnaðarstöður.

Í greinargerðinni, á bls. 12, er réttilega bent á að Marteinn Lúther lagði áherslu á hinn almenna prestsdóm trúaðra og að hið vígða prestsembætti væri aðeins sérstök köllun innan safnaðarins sem byggðist á hinum almenna prestsdómi. Lúther lagði þannig áherslu á að þegar biskup setti prest í embætti væri hann aðeins að staðfesta köllun safnaðarins. Hins vegar var ekki hægt að kalla hvern sem er til þjónustu prests heldur varð sá hinn sami að hafa lokið tilhlýðilegri guðfræðimenntun og standast próf sem fólst í því að söfnuðurinn og biskupinn hlýddu á prédikun hans. Þrátt fyrir þessi grundvallarsjónarmið setti Lúther ekki fram nákvæmar hugmyndir eða fyrirmæli um það hvernig köllun prests til þjónustu skyldi háttáð, hvort það gerðist með beinu lýðræði eða fulltrúalýðræði. Aðstæður á hans tíma voru að mörgu leyti fordæmalausar og einkenndust af upplausn vegna viðskilnaðarins við Rómarvaldið. Í þeim aðstæðum gerði Lúther t.d. ráð fyrir því að í neyðartilfellum gætu furstarnir sjálfir orðið „neyðarbiskupar“. Eftir stendur að siðbótarfrömuðurinn skildi ekki eftir sig nákvæmar leiðbeiningar um það hvernig vali í kirkjuleg embætti skyldi háttáð og því er til lítils að vísa til almenns prestsdóms í umræðu um slík mál.²

Jón Ásgeir Sigurvinsson, héraðsprestur í Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra

Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur í Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra

¹ Sjá afgangsgóða umfjöllun um þróun embættanna í frumkirkjunni í: Haraldur Hreinsson og Sigurjón Árni Eyjólfsson, „Um biskupsembættið“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 44 (2017), bls. 22–25.

² Sjá: Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Ríki og kirkja: uppruni og þróun þjóðkirkjuhugtaksins*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2006, bls. 57–59.